



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. fjárlaganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 21. desember 2017

1712031SA GB  
Málalykill: 00.63

### Efni: Umsögn um frv. til fjárlagalaga, 66. mál

Samband íslenskra sveitarfélaga vill koma á framfæri ósk um eina breytingu á frumvarpi til fjárlagalaga fyrir árið 2017.

Tillaga sambandsins er að við bætist liðurinn **20.2 Tónlistarfræðsla**.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 er tilgreint á bls. 360 að heildarfjárheimild til málaflokksins sé áætluð 520 m.kr., sem er óbreytt frá árinu 2016. Þetta voru væntanlega mistök við gerð frumvarpsins því í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um stuðning við tónlistarnám kemur fram ákvæði um verðtryggingu framlaga. Í samkomulaginu segir:

*Frá og með árinu 2017 skal framlag ríkisins breytast árlega í samræmi við launaforsendur BHM og verðlagsforsendur fjárlaga í hlutföllunum laun 85% og 15% önnur gjöld. Framlag ríkisins vegna annars kostnaðar en launa skal breytast samkvæmt forsendum fjárlaga um almennar verðlagsbreytingar.*

Við meðferð málsins á Alþingi tók frumvarpið breytingum sem taka að einhverju leyti mið af framangreindu samningsákvæði, því endanleg fjárhæð skv. lið 20.2 er 536,7 m.kr. Rökstuðningur í nefndarálit 1. minnihluta fjárlaganefndar hljóðar svo:

#### *20.20 Tónlistarfræðsla.*

Lögð er til 16,7 millj. kr. hækkun sem byggist á launa- og verðlagsreikningi vegna samkomulags um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Samkvæmt samkomulaginu skal framlag ríkisins breytast árlega í samræmi við launaforsendur BHM og verðlagsforsendur fjárlaga í hlutföllunum laun 85% og önnur gjöld 15%.

### Nánar um forsendur fjárlaga 2017

Hækkun í fjárlögum frá upphaflegu frumvarpi er 3,2%, en að baki hennar liggur forsenda um 3,6% hækkun launa og 1% hækkun verðlags, eins og fram kemur í töflu. Nokkrar athugasemdir eru gerðar við þennan útreikning. Í fyrsta lagi er gerð athugasemd við 1% hækkun verðlags. Verðlagsforsendur fjárlaga 2017 hljóðuðu upp á 2,4% hækkun, en endurskoðuð forsenda í fjárlagalögum er 1,8%. Í öðru lagi er gerð athugasemd við 3,6% hækkun launa.

Taka skal fram að ákvæði samkomulagsins um verðtryggingu framlaga er um margt óljóst og má túlka það með ýmsum móti. Það er fyrst og fremst launaþátturinn sem þessu veldur, en einnig það að ekki er skýrt á hvaða verðlagsforsendu samkomulagsfjárhæðin er byggð og þar með frá og með hvaða tíma skuli framreikna fjárhæðir. Í þessari umsögn er gengið út frá því að hækkun framlaga miðist við hækkun launa og verðlags frá upphafi til loka árs. Í meðfylgjandi töflu eru framlög reiknuð með

hækkun vísitölu neysluverðs um 1,9% frá desember 2016 til desember. Þá er tekið tillit til launahækkana á árinu 2017, og fæst þá talan 5,7%, sem greinist í 4,5% hækkun launa, 0,9% hækkunar eingreiðslu, og loks hækkunar persónu – og orlofsuppbótar.

	Laun (85%)	Önnur gjöld (15%)	Samtals	Hækkun launa	Hækkun verðlags	Hækkun samtals
Samningsfjárhæð 2016	442,0	78,0	520,0			
Fjárlög 2017	457,9	78,8	536,7	3,60%	1,03%	3,21%
Krafa um leiðréttingu í FAUK	467,2	79,5	546,7	5,70%	1,90%	5,13%


Niðurstaðan er að hækka þarf framlög til tónlistarfræðslu á árinu 2017 um 10 m.kr. til þess að virða verðtryggingarákvæði fyrrnefnds samkomulags um stuðning við tónlistarnám, eða í 546,7 m.kr.

#### Áhrif á forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2018

Verði fallist á þessa tillögu þarf jafnframt að gera leiðréttingu á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018, þannig að grunnfjárhæð til útreiknings verði 546,7 m.kr. Ennfremur þarf við framreikning að miða við áætlaða hækkun verðlags og launa á árinu 2018. Miðað við forsendur fjárlaga um 3% launahækkun á árinu 2018 og um 2% hækkun verðlags innan ársins er gerð krafa um að framlög til tónlistarfræðslu á árinu 2018 verði **562,3 m.kr.** Jafnframt eru árétuð mótmæli sambandsins við því að gerð er hagræðingarkrafa gagnvart framlögum til tónlistarskóla. Telur sambandið þá nálgun vera andstæða ákvæði samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá árinu 2016 og enn fremur skal bent á að í 1. gr. laga nr. 78/2016 um breytingu á ýmsum lögum vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms er engin heimild til skerðingar framlaga til tónlistarskóla á grundvelli hagræðingarkröfu.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri